

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 128 95. ár

Föstudaginn 8. nóvember 2002

Stefnur

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,
Friðgeir Björnsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Margrét Gunnarsdóttir hdl. f.h. Íslandsbanka hf., Kirkju-sandi 2, Reykjavík, kt. 550500-3530, vegna úti-bús bankans að Lækjargötu 12, Reykjavík, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á fasteignaveðbréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dóm-kröfur að ógilt verði með dómi fasteignaveðbréf útgefið í Reykjavík þann 14. ágúst 2002. Skuld-ari að bréfinu er Hilmar Þór Guðmundsson, kt. 240572-3039 og kröfuhafi Steinunn M. Norð-fjörð, kt. 201043-2989. Um er að ræða fast-eignaveðbréf skv. V. og VI. kafla laga um hús-næðismál nr. 44/1998, verðtryggt samkvæmt vísitölu neysluverðs, skiptanlegt fyrir húsbref Íbúðalánasjóðs skv. 35. gr. reglugerðar nr. 157/2001. Fasteignaveðbréfið er að fjárhæð kr. 7.871.008 til 40 ára, með 5,1% ársvöxtum. Vextir reiknast frá 7. maí 2002 og fyrsti gjald-dagi afborgunar, vaxta og verðbóta var 15. ágúst 2002. Fasteignaveðbréfinu hefur verið þinglýst á 1. veðrétt fasteignarinnar Ljósvallagötu 20, Reykjavík, 1. hæð og bílskúr m.m. merkt 0101 (fastnr. 2004172). Þann 14. ágúst 2002 var bréfið framselt Íslandsbanka hf.

Málsástæður: Fasteignaveðbréfið var í vörslu Íslandsbanka hf. en hefur glatast og ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Stefnanda er því nauð-synlegt að fá fasteignaveðbréfið ógilt svo honum sé unnt að neyta réttar samkvæmt því.

Lagarök: Málið er höfðað skv. heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísar stefnandi til 2. tl. 120. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn:

- Frumrit ógildingarstefnu.
- Skrá yfir framlögð skjöl.
- Ljósrit af fasteignaveðbréfi.
- Veðbandayfirlit fyrir fasteignina Ljósvalla-götu 20, Reykjavík, 1. hæð og bílskúr m.m.
- Beiðni um útgáfu ógildingarstefnu og mál-flutningsumboð.
- Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim sem kann að hafa undir höndum framangreint fasteignaveðbréf eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 12. desember 2002 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til fasteignaveðbréfsins, þar sem ella má búast við að gangi útivistardómur í málinu og krafa stefnanda um ógildingu fasteignaveðbréfsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 23. október 2002.
Friðgeir Björnsson.

(13675)

Auglýsing

um mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Nám kalkþörungasetts úr Arnarfirði.

Íslenska kalkþörungafélagið ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar matsskýrslu um nám kalkþörungasetts úr Arnarfirði.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 8. nóvember til 20. desember 2002 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Vesturbyggðar og bókasafni Bíldudals. Einnig liggur skýrslan frammi í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða: www.atvest.is og Hönnunar hf.: www.honnun.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 20. desember 2002 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun.

13670)

Nauðungarsölur

Akranes

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Stíllholti 16-18, Akranesi, miðvikudaginn 11. desember 2002 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Bárugata 19, hluti 0101 13645)	Stíllholt ehf.	Íbúðalánasjóður	43.286
Háholt 22, 0101 13646)	Árni Tómasson	Íbúðalánasjóður	120.149
Heiðarbraut 65 13647)	Ásgeir Ásgeirsson og Ásthildur Helga Sölvadóttir	Íbúðalánasjóður	204.409
Kirkjubraut 12 13648)	María Jósefsdóttir	Vátryggingafélag Íslands hf.	53.269
Laugarbraut 14 13649)	Benteinn Hörður Bragason og María Ólafsdóttir	Íbúðalánasjóður	412.706
Laugarbraut 19 13650)	Þorvaldur Huldar Gunnarsson	Tryggingamiðstöðin hf.	50.961
Mb. Naggur AK-6 13651)	Búðará ehf.	Sýslumaðurinn á Akranesi	33.065
Merkigerði 10 13652)	Jens I. Magnússon	Íbúðalánasjóður	72.667
Stekkjarholt 20, hluti 0101 13653)	Þorsteinn G. Pétursson	Íbúðalánasjóður	137.947
Stíllholt 15, hluti 0101 13654)	Ingólfur Valdimarsson og Guðný Sjöfn Sigurðardóttir	Íbúðalánasjóður	164.546
Vallholt 11, hluti 0201 auk bílskúrs 13655)	Þórdís Kristjánsdóttir	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	132.481

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Vesturgata 78B	Guðrún Hlíf Gunnarsdóttir og Björn Sigurður Vilhjálmsson	Íbúðalánasjóður	116.755
13656)			
Vitateigur 1, hluti 0101	Guðni Rúnar Skúlason og Hanna Dís Skúladóttir	Íbúðalánasjóður	279.524
13657)			
Vitateigur 7, hluti 0101	Sævar Sigurvaldason	Íbúðalánasjóður	154.404
13658)			
Víðigrund 1	Berglind Guðmundsdóttir	Verslunin Axel Sveinbjörnss. ehf.	28.771
13659)			
		Akranesi, 28. október 2002. Sýslumaðurinn á Akranesi, Ólafur Þ. Hauksson.	

Búðardalur

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins að Miðbraut 11, Búðardal, fimmtudaginn 12. desember 2002 kl. 14.00, hafi hún ekki áður verið felld niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæð kröfu í krónum:
Bíldhóll, landnr. 137467, Dalabyggð	Jóel H. Jónasson	Dalabyggð	95.678
13660)			
		Búðardal, 28. október 2002. Sýslumaðurinn í Búðardal, Anna Birna Þráinsdóttir.	

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Friðgeir Björnsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Þórður Ólafur Þórðarson héraðsdómslögmaður, að hann þurfi, f.h. umbjóðanda síns, Kvarna ehf., kt. 630198-2329, Lómsölum 3, Kópavogi, að höfða dómsmál á hendur óþekktum handhafa skuldabréfs til ógildingar þess.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þá dómkröfu í málinu að ógilt verði með dómi skuldabréf að fjárhæð kr. 500.000 sem útgefið var í Reykjavík 25. ágúst 1998 af Engilberti Runólfssyni, kt. 180964-5769, Hólabergi 8, Reykjavík til Elínar Pétursdóttur, kt. 090644-2899, til heimilis að sama stað, og tryggt er með 1. veðrétti í bifreiðinni XH-356.

Málsatvik: Málsatvik segir stefnandi vera þau, að þann 25. ágúst 1998, hafi Engilbert Runólfsson, Hólabergi 8, Reykjavík, gefið út skuldabréf að fjárhæð kr. 500.000 til Elínar Pétursdóttur, til heimilis að sama stað. Skyldi lánið endurgreiðast á tveimur árum með einni árlegri afborgun er fram skyldi fara 25. ágúst hvort ár, þeirri fyrri þann 25. ágúst 1999. Þá skyldi skuldin skv. skuldabréfinu bera vexti er skyldu vera jafnháir hæstu leyfilegu vöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni. Skyldu vextirnir reiknast frá 25. ágúst 1998.

Til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu skuldarinnar var bifreiðin XH-356, Nissan Sunny árgerð 1991, sett að veði.

Þá segir stefnandi að umrætt skuldabréf hafi verið afhent til þinglýsingar 13. október 1998 hjá sýslumanninum í Reykjavík og var því þinglýst þar athugasemdalaust þann 14. sama mánaðar.

Stefnandi segir að hann hafi fest kaup á XH-356 af Engilberti Runólfssyni, þann 14. október 2002. Hafi eftir kaupin hins vegar komið í ljós að á bifreiðinni hvíldi veðskuldabéf það sem lýst er að ofan. Hefur stefnandi ekki fengið upplýs-

ingar um það, þrátt fyrir eftirgrennslan, hver sé handhafi skuldabréfsins nú og telur hann því að það sé uppgreitt og glatað, enda greiðslutími þess löngu liðinn.

Segir stefnandi hins vegar að honum sé nú nauðsyn fyrir því að fá ógildingardóm fyrir ráðstöfun umrædds skuldabréfs, svo hann fái því byggt út úr veðmálabókum varðandi bifreið sína.

Málsástæður: Stefnandi kveðst byggja á því að hann sé eigandi bifreiðarinnar XH-356, sem sé veðandlag ofangreinds skuldabréfs. Segir stefnandi að hann hafi reynt að grennslast fyrir um það hver væri handhafi umrædds skuldabréfs, en ekki haft erindi sem erfiði. Kveðst stefnandi því telja að umrætt skuldabréf sé glatað og það uppgreitt enda efndatími þess löngu liðinn.

Með því að stefnandi kveðst nú vera eigandi bifreiðarinnar XH-356, sem sé veðandlag þess veðskuldabréfs sem krafist er ógildingar á, kveðst hann telja sig eiga fullkominn rétt til handhafnar umrædds skuldabréfs, enda efnda-tími þess löngu liðinn og frumrit þess ekki fundist þrátt fyrir ítarlega eftirgrennslan. Kveðst hann því vísa til ákvæða 120. og 121. greinar laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, varðandi heimild sína til þess að höfða mál þetta með þeim hætti sem gert er á hendur hinum óþekkta handhafa og hafa uppi þær dómkröfur sem gerðar séu í málinu.

Um varnarþing kveðst stefnandi vísa til 2. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst, við þingfestingu málsins, munu leggja fram eftirtalin gögn dómkröfu sinni til stuðnings: Ljósrit þinglýsts tryggingabréfs, kaupsamning um bifreið.

Málflutningsumboð: Stefnandi segir að Þórður Ólafur Þórðarson héraðsdómslögmaður, muni fara með mál þetta af hans hálfu.

Fyrirkall og áskorun: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kynni að hafa framangreint skuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi

héraðsdóms Reykjavíkur er háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, þriðjudaginn 10. desember 2002, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til skuldabréfsins. Að öðrum kosti má handhafi bréfsins búast við því að úti-vistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 24. október 2002.
Dómstjórinn í Reykjavík,
Friðgeir Björnsson.

(13676

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Friðgeir Björnsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Guðmundur Óli Björgvinsson héraðsdómslögmaður, að hann þurfi, f.h. umbjóðanda síns, Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029, Suðurlandsbraut 34, Reykjavík, að höfða dómsmál á hendur óþekkt-um handhafa tryggingabréfs til ógildingar þess.

Dómkröfur: Stefnendur kveðast gera þá dómkröfu í málinu að ógilt verði með dómi tryggingabréf að fjárhæð kr. 1.500.000, sem útgefið var í Reykjavík, 3. október 2001, af Gerplu ehf., kt. 590997-2429, Síðumúla 27, Reykjavík, til stefnanda, sem upphaflega var tryggt með 6. veðrétti í eignarhluta 0501 í fasteigninni Hverfisgötu 74, Reykjavík, sem og 4. veðrétti í eignarhluta 0001, sem er vinnustofa á baklóð í eignarhluta 02 í sömu fasteign, og að stefnanda verði dæmdur réttur til að ráðstafa þeim hagsmunum sem í tryggingabréfinu felast.

Málsatvik: Málsatvik segir stefnandi vera þau að þann 3. október 2001 hafi Gerpla ehf. gefið út tryggingabréf til stefnanda að fjárhæð kr. 1.500.000, og skyldi sú fjárhæð vera bundin vísitölu neysluverðs er miðast skyldi við 216,3 stig. Skyldi tryggingabréfið standa til tryggingar skuldum veðsala við stefnanda eins og þær voru þann 3. október 2001. Þá skyldi tryggingabréfið, umfram höfuðstólsfjárhæð sína, einnig standa til tryggingar dráttarvöxtum og kostnaði af hinum veðtryggðu skuldum.

Ennfremur segir stefnandi að til tryggingar skaðlausum greiðslum veðsala skv. trygginga-bréfi því sem krafist er ógildingar á, hafi eftir-farandi eignarhlutar fasteignarinnar að Hverfis-götu 74, Reykjavík, verið settir að veði:

Eignarhluti 0501, íbúð á 5. hæð til vinstri með 6. veðrétti.

Eignarhluti 0001, sem er vinnustofa á baklóð í eignarhluta 02, með 4. veðrétti.

Stefnandi segir að tryggingabréf þetta hafi verið afhent sýslumanninum í Reykjavík til þinglýsingar þann 5. október 2001 og segir stefnandi að tryggingabréfinu hafi verið þinglýst athugasemdalaust þann 8. október 2001. Segir stefnandi að frumrit bréfsins hafi hins vegar glatast í meðförum hans við móttöku úr þinglýsingu, enda hafi það ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Segir stefnandi að honum sé nú nauðsyn að fá ógildingardóm fyrir trygginga-bréfi þessu, þar sem aðrir kröfuhafar veðsala hafi beiðst uppboðs á hinum veðsettu eignum og fái hann ekki, eins og málum er nú komið, greiðslu af uppboðsandvirði eignanna nema hann geti framvísað ógildingardómi fyrir heimild sinni til ráðstöfunar tryggingabréfsins.

Málsástæður: Stefnandi kveðst byggja á því að Gerpla ehf. hafi gefið út til hans veðtryggt tryggingabréf til tryggingar skuldum sínum við stefnanda. Segist stefnandi hafa haft handhöfn þessa tryggingabréfs alla tíð, allt til þess að bréfið glataðist fyrir mistök hans sjálfs. Segir stefnandi að honum beri því allur og óskoraður

réttur til þeirra réttinda sem tryggingabréfið fól í sér honum til handa.

Þá kveðst stefnandi vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála varðandi heimild sína til að höfða mál þetta með þeim hætti sem gert er á hendur hinum óþekkta handhafa og hafa uppi þær dómkröfur sem gerðar séu í málinu.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst, við þingfestingu málsins, munu leggja fram eftirtalin gögn dómkröfu sinni til stuðnings: Ljósrit þinglýsts tryggingabréfs.

Málflutningsumboð: Stefnandi segir að Guðmundur Óli Björgvinsson héraðsdómslögmaður, muni fara með mál þetta af þeirra hálfu.

Fyrirkall og áskorun: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kynni að hafa framangreint tryggingabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur er háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, þriðjudaginn 10. desember 2002, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í lögð dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til tryggingabréfsins. Að öðrum kosti má handhafi bréfsins búast við því að úti-vistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 23. október 2002.
Dómstjórinn í Reykjavík,
Friðgeir Björnsson.

(13677

Eggert Óskarsson, héraðsdómari í Reykjavík

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Guðmundur B. Ólafsson hdl. f.h. Estherar Guðlaugsdóttur, kt. 160952-3699, að hann þurfi að krefjast gjaldþrotaskipta á búi Borgarkaupa ehf., kt. 670899-2689, Faxafeni 8, Reykjavík, fyrirsvarsmaður er Jóhann Jónas Ingólfsson, kt. 150257-5659, með lögheimili í Bretlandi, vegna skuldar að fjárhæð kr. 207.348. Hin umkrafða skuld er vegna van-greiddra launa. Krafan sundurliðast með neðan-greindum hætti:

	kr.
Nóvemberlaun 2000	190.746
Innborgun dagsett 6. desember 2000	-47.433
Útlagður kostnaður v/vinnuslyss	<u>4.200</u>
Samtals	147.513
Innheimtubókun	30.193
Dráttarvextir til 4. október 2001	29.642
Heildarkrafa	<u>207.348</u>

Krafa um gjaldþrotaskipti er studd við 1. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991.

Kröfuhafi ábyrgist greiðslu alls kostnaðar af meðferð þessarar kröfu og af gjaldþrotaskiptunum ef til þeirra kemur.

Gjaldþrotaskiptabeiðnin er birt í Lögbirtingablaði samkvæmt 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem skiptabeiðandi kveður að ekki verði aflað upplýsinga um hvar megi birta fyrirkall fyrir skuldanarum eftir almennum reglum.

Við fyrirtöku málsins verða lögð fram eftirtalin gögn:

- Krafa um gjaldþrotaskipti.
- Hlutafélagaskrá.
- Innheimtubréf vegna launakröfu Estherar.
- Innheimtubréf vegna launakröfu Ragnars Heiðarssonar.
- Innheimtubréf vegna launakröfu Söndru Daggar Guðmundsdóttur.
- Innheimtubréf vegna launakröfu Hrafnhildar Borgþórsdóttur.
- Innheimtubréf vegna launakröfu Ingu Helmu Guðfinnsdóttur.

- Útreikningar vegna launakröfu Dagmarar Svövu Jónsdóttur.

Fyrirkall: Hér með er skorað á Jóhann Jónas Ingólfsson, kt. 150257-5659, með lögheimili í Bretlandi, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, miðvikudaginn 11. desember 2002 kl. 10.00 árdegis er gjaldþrotaskiptabeiðni þessi verður tekin fyrir. Ella má búast við að krafan verði tekin til greina og gjaldþrotaskipti hefjist.

Þetta fyrirkall skal birta með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Reykjavík, 24. október 2002.

Eggert Óskarsson héraðsdómari.

(13679

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum hinn 17. október 2002, var bú Pizza Mambó ehf., kt. 551299-2959, Núpalind 1, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 5. júlí 2002.

Er hér með skorað á alla þá, sem til skulda telja í búi þessu, réttinda á hendur því eða eigna í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Reykjavíkurvegi 60, pósthólf 646, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur verður haldinn fimmtudaginn 23. janúar 2003, kl. 10.00, að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Á skiptafundinum verður fjallað um málefni búsins, þ. á m. ráðstöfun eigna, lýstar kröfur, og ákvarðanir teknar um önnur mál er það varðar, þ. á m. um hugsanlegar málshöfðanir af þess hálfu.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund. Hafi athugasemdir eða andmæli gegn afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna, eða skipunar þeirra í skuldaröð, ekki komið fram í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, telst afstaða hans endanlega samþykkt við skiptin.

(13445 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum hinn 17. október 2002, var bú Bjarna Björnssonar, kt. 011159-2819, Hraunbraut 34, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 3. júní 2002.

Er hér með skorað á alla þá, sem til skulda telja í búi þessu, réttinda á hendur því eða eigna í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Reykjavíkurvegi 60, pósthólf 646, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur verður haldinn fimmtudaginn 23. janúar 2003, kl. 11.00, að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Á skiptafundinum verður fjallað um málefni búsins, þ. á m. ráðstöfun eigna, lýstar kröfur, og ákvarðanir teknar um önnur mál er það varðar, þ. á m. um hugsanlegar málshöfðanir af þess hálfu.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund. Hafi athugasemdir eða andmæli gegn afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna, eða skipunar þeirra í skuldaröð, ekki komið fram í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, telst afstaða hans endanlega samþykkt við skiptin.

(13446 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum hinn 17. október 2002, var bú Byrgisins, kristilegs líknarfélags, kt. 461196-2099,

Hvaleyrarbraut 23, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 6. júní 2002.

Er hér með skorað á alla þá, sem til skulda telja í búi þessu, réttinda á hendur því eða eigna í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Reykjavíkurvegi 60, pósthólf 646, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur verður haldinn fimmtudaginn 23. janúar 2003, kl. 13.00, að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Á skiptafundinum verður fjallað um málefni búsins, þ. á m. ráðstöfun eigna, lýstar kröfur, og ákvarðanir teknar um önnur mál er það varðar, þ. á m. um hugsanlegar málshöfðanir af þess hálfu.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund. Hafi athugasemdir eða andmæli gegn afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna, eða skipunar þeirra í skuldaröð, ekki komið fram í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, telst afstaða hans endanlega samþykkt við skiptin.

(13447 a

Hafnarfirði, 23. október 2002.
Ólafur Eiríksson hdl.

Stjórn Odda hf., kt. 550367-0179, hefur borist beiðni um að eftirfarandi hlutabréf í félaginu verði ógilt með vísan til 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Nafn:	Nr. hlutabréfs	Nafnverð	Útgáfudagur
Hlutabréfasjóðurinn Íshaf hf.	076	6.000.000	10. febrúar 1997

Á grundvelli 7. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skorar stjórn Odda hf. á hvern þann sem kann að hafa undir höndum ofangreint hlutabréf að gefa sig fram við stjórn félagsins að Eyrargötu, Patreksfirði, innan 3ja mánaða frá síðari birtingu þessarar áskorunar.

Gefi enginn sig fram áður en frestur þessi er liðinn skoðast framangreint hlutabréf ógilt og skulu öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt því falla niður og nýtt hlutabréf gefið út til ofangreinds eiganda þegar í stað.

Patreksfirði, 22. október 2002.
F.h. stjórnar Odda hf.
Sigurður Viggósson framkvæmdastjóri.

(13661 a

Á ályktunarbærum hluthafafundi í Irmu ehf., Goðalandi 12, Reykjavík, kt. 701275-0209, sem var haldinn 19. október 2002, var ákveðið að slíta félaginu og voru þau Guðmundur Sveinsson, löggiltur endurskoðandi, kt. 060641-4639 og María Tómasdóttir, kt. 180845-4539, kjörin í skilanefnd og löggilt af hlutafélagaskrá þann 25. október 2002.

Með vísan til 87. gr. laga um einkahlutafélög er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum fyrir skilanefnd í félaginu innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu þessarar auglýsingar í Lögbirtingablaði. Kröfulýsingar skulu sendar til Guðmundar Sveinssonar, löggilts endurskoðanda, Hlíðasmára 9, 201 Kópavogi.

Skilanefnd hefur ákveðið að boða lánardrottna og hluthafa félagsins til fundar mánudaginn 13. janúar 2003, klukkan 14.00 á skrifstofu Endurskoðunar og uppgjóra ehf., Hlíðasmára 9, Kópavogi, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Kópavogi, 29. október 2002.
Guðmundur Sveinsson löggiltur endurskoðandi.
María Tómasdóttir.

(13663 a

Á ályktunarbærum hluthafafundum í Pegasus Shackleton ehf., kt. 640401-3380, sem haldnir voru þann 19. júní 2002 var ákveðið að slíta félaginu og voru þau Helga Harðardóttir, kt. 101059-2519, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG og Snorri Þórisson, kt. 200549-3689, valin til skilanefndarstarfa og löggilt til starfans af fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands.

Með vísan til 87. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum fyrir skilanefnd innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til KMPG, Vegmúla 3, 108 Reykjavík, merktar Helgu Harðardóttur.

Skilanefnd hefur ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og hluthöfum félagsins fimmtudaginn 9. janúar 2003 kl. 10.00 árdegis á skrifstofu KPMG að Vegmúla 3, Reykjavík til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Reykjavík, 14. október 2002.
Fyrir hönd skilanefndar
Pegasus Shackleton ehf.,
Helga Harðardóttir.

(12975 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum þann 17. október 2002, var bú Sigurðar Andra Hjörleifssonar, kt. 280881-4579, Breið-
vangi 7, Hafnarfirði tekið til gjaldþrotaskipta. Var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frest-
dagur við skiptin er 3. september 2002.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar inn-
köllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skipta-
stjóra í pósthólf 1623, 121 Reykjavík.

Skiptafundur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 18, Reykjavík, þriðjudaginn 21. janúar 2003 kl. 13.00. Verður þá fjallað um lýstar kröfur í búiið, gerð grein fyrir hag þess og teknar ákvarðanir um málefni þess.

(13121 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 17. október 2002, var bú Múlaradíós-
Tæknimiðlunar ehf., kt. 461089-1519, Dalvegi 16b, Kópavogi tekið til gjaldþrotaskipta. Var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við skiptin er 5. september 2002.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar inn-
köllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skipta-
stjóra í pósthólf 1623, 121 Reykjavík.

Skiptafundur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 18, Reykjavík, þriðjudaginn 21. janúar 2003 kl. 13.30. Verður þá fjallað um lýstar kröfur í búiið, gerð grein fyrir hag þess og teknar ákvarðanir um málefni þess.

(13122 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 17. október 2002, var bú ERA ehf., kt. 410201-2910, Skjólbraut 20, Kópavogi tekið til gjaldþrotaskipta. Var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við skiptin er 12. september 2002.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar inn-
köllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skipta-
stjóra í pósthólf 1623, 121 Reykjavík.

Skiptafundur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 18, Reykjavík,

þriðjudaginn 21. janúar 2003 kl. 14.30. Verður þá fjallað um lýstar kröfur í búiið, gerð grein fyrir hag þess og teknar ákvarðanir um málefni þess.

(13124 b

Reykjavík, 21. október 2002.
Páll Skúlason hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 17. október 2002, var bú Vektors-
Lagnahönnunar ehf., kt. 711298-3049, Nýbýla-
vegi 6, Kópavogi tekið til gjaldþrotaskipta. Var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frest-
dagur við skiptin er 12. september 2002.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar inn-
köllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skipta-
stjóra í pósthólf 1623, 121 Reykjavík.

Skiptafundur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 18, Reykjavík, þriðjudaginn 21. janúar 2003 kl. 14.00. Verður þá fjallað um lýstar kröfur í búiið, gerð grein fyrir hag þess og teknar ákvarðanir um málefni þess.

Endurbirt vegna villu í kennitölu.

Reykjavík, 31. október 2002.
Páll Skúlason hdl.

(13123 b

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, upp-
kveðnum 16. október 2002, var bú Arnar Arnar-
sonar ehf., kt. 671099-2499, Lindarholti 2, Ólafsvík, tekið til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 10. september 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-
um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-
stjóra að Borgarbraut 61, pósthólf 12, 310 Borgarnesi.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgarbraut 61, Borgarnesi, miðvikudaginn 15. janúar 2003 kl. 14.00. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum verða lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjald-
þrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofunni síðustu vikuna fyrir fundinn.

Borgarnesi, 18. október 2002.
Ingi Tryggvason hdl.,
skiptastjóri.

(13170 b

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Búnaðar-
banka Íslands og útibú hans eru glataðar:

Aðalbankinn: Nr. 800265 og 201110.
Akureyri: Nr. 16239 og 12975.
Egilsstaðir: Nr. 7261.
Vesturbær: Nr. 221934 og 222036.
Blönduós: Nr. 245774.
Háaleiti: Nr. 200182.
Hveragerði: Nr. 271091.
Mosfellsbær: Nr. 8309, 276469, 841445 og 276299.
Garðabær: Nr. 200336.
Akranes: Nr. 300500.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 er hér með skorað á handhafa nefndra sparisjóðsbóka að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar.

Reykjavík, 17. október 2002.
Búnaðarbanki Íslands hf.
Bentína Pálsdóttir.
Sigríður Stefánsdóttir.

(13127 b

Skiptafundir

Skiptafundur í þrotabúi Hólmfríðar Rögn-
valdsdóttur, kt. 191159-2689, Hlíðarvegi 35, 580 Siglufirði, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Húnabraut 19, Blönduósi, miðvikudaginn 27. nóvember 2002, kl. 15.00. Komi ekkert fram um eignir þrota-
búsins í síðasta lagi á þeim fundi, verður skipt-
um lokið á fundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(12985

Skiptafundur í þrotabúi ClicOn Ísland hf., kt. 631298-3709, Borgarflöt 1, 550 Sauðárkróki, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skipta-
stjóra í búinu að Húnabraut 19, Blönduósi, miðvikudaginn 27. nóvember 2002, kl. 16.00.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur frammi á skrifstofu skiptastjóra til sýnis fyrir lánardrottna og aðra, sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta.

Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarp-
inu í síðasta lagi á skiptafundi þessum, mega þeir, sem hlut eiga að máli búast við því að skiptum verði lokið á grundvelli frumvarpsins sem verður þar með úthlutunargerð úr búinu.

(12986

Blönduósi, 15. október 2002.
Stefán Ólafsson hdl.

Skiptafundur í þrotabúi S. Guðmundssonar ehf., kt. 561298-3279, Álftamýri 32, Reykjavík, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skipta-
stjóra í búinu Kirkjutorgi 4, 101 Reykjavík, föstu-
daginn 22. nóvember 2002, kl. 10.00 árdegis.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hags-
muna að gæta við skitpin.

Verði andmæli ekki uppi gegn frumvarpinu í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem hlut eiga að máli vænta þess að skiptum verði lokið á grundvelli frumvarpsins og verður frumvarpið þá úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Reykjavík, 22. október 2002.
Sigurður Georgsson hrl.

(13477

Skiptafundur í þrotabúi Íslenskrar bókadreif-
ingar ehf., kt. 501189-1039, Síðumúla 21, Reykjavík, verður haldinn á skrifstofu undirrit-
aðs skiptastjóra í búinu að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi, fimmtudaginn 5. desember 2002 kl. 14.00.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra, sem eiga lögvarinna hags-
muna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir, sem eiga hlut að máli, vænta þess að skiptum verði lokið þar á grund-
velli frumvarpsins, sem verður þar með úthlut-
unargerð úr þrotabúinu.

Seltjarnarnesi, 29. október 2002.
Haukur Bjarnason hdl.

(13489

Skiptafundur í þrotabúi Guðna Gunnarssonar, kt. 110872-6079, Blöndubakka 12, Reykjavík, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skipta-
stjóra í búinu að Skeifunni 11a, Reykjavík, miðvikudaginn 20. nóvember 2002, kl. 10.00 árdegis.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

(13664

Skiptafundur í þrotabúi Flata ehf., kt. 700595-2509, Aðalgötu 30, Siglufirði, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Skeifunni 11a, Reykjavík, miðviku-daginn 20. nóvember 2002, kl. 10.30 árdegis. Á fundinum verður fjallað um skrá yfir lýstar kröf-ur og ráðstöfun á eignum og réttindum búins.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta-fundinn.

(13665

Reykjavík, 30. október 2002.
Ragnheiður Bragadóttir hdl.

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 28. janúar 2002, var bú Rafíss ehf., kt. 550477-0689, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í bú-inu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið 24. september 2002 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur sem voru að fjárhæð kr. 10.089.938 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 15. október 2002.
Bergsteinn Georgsson hdl.

(13126

